

1. fundur Skólaráðs – 12. nóvember 2020.

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Erla Kristjánsdóttir og Rúna Björk Júlíusdóttir, fulltrúar foreldra, Tómas Heiðar Helgason og Kristín Vala Björgvinsdóttir 6. bekk fulltrúar nemanda, Ingibjörg Eðvaldsdóttir og Guðrún Kjartansdóttir fulltrúar kennara, Soffía Thorberg Bergsdóttir fulltrúi starfsmanna og María Katrín Sveinbjörnsdóttir fulltrúi grendarsamfélagsins.

Fundurinn hófst kl. 8:10

Dagskrá:

1. Skipulag funda í vetur. Ákveðið að funda á fimmtudagsmorgnum kl. 8:10 á um það bil tveggja mánaðar fresti.
2. Skólanámskrá Engidalsskóla, starfsáætlun Álfakots og starfsáætlun Engidalsskóla voru lagaðar fram til kynningar (sendar í tölvupósti fyrir fundinn). Rætt um að Skólanámskráin og starfsáætlun Engidalsskóla séu þungar til aflestrar og lítt aðlaðandi og betra væri að stytta bæði skjölin eða í það minnsta gera styttri eintök sem fólk ynni þá frekar með og kynnti sér vel. Námskrá og áætlanir samþykktar og verða sendar Mennta- og lýðheilsusviði.
3. Niðurstöður samræmdra prófa. Niðurstöður komnar en ekki hefur gefist tími vegna hólfunnar skólans til að fara vel yfir þær með kennurum 4. bekkjar. Fyrsta skoðun gefur samt ágæta mynd. Málinu frestað til næsta fundar.
4. Niðurstöður Skólapúlsins. Niðurstöður komnar en ekki hefur gefist tími vegna hólfunnar skólans til að fara vel yfir þær með nemendum og kennurum 6. bekkjar. Undir þessum lið sköpuðust miklar umræður um einelti og samskipti. Allir fundarmenn sammála um mikilvægi þess að leggja þurfi mikla áherslu á samskipti og vellíðan nemenda og almenna lífsleikni. Kennarar og skólastjórnendur munu skoða það að fjölga lífsleikni tímum á miðstigi. Nemendur komu með mjög gott innlegg í þessa umræðu og hafa hugmyndir um það sem þau vilja að lögð sé meir áhersla á eins og styrking sjálfsmýndar, geðrækt, kynjafræði, mun kynjanna og jafnrétti kynjanna. Þá var rætt um jafningafræðslu þegar kemur að samskiptum og voru fulltrúar nemenda tilbúnir til að skoða það að leiðbeina yngri krökkum. Mikil áhersla hefur verið á vináttu og samskipti síðustu daga og vikur í skólanum. Kennarar munu vinna málið áfram og skoða sérstaklega námskrána í lífsleikni. Málinu frestað til næsta fundar.
5. Önnur mál
 - a. Rætt um hvort 7. bekkur verði í skólanum næsta vetur. Það er vilji nemenda og aðrir fundarmenn tóku undir það. Skólastjóri mun skoða málið.
 - b. Nemendur komu inn á að þau myndu vilja læra fjármálalæsi og fá starfsfræðslu. Fram kom að margir nemendur eru farnir að hugsa um það hvað þá langar að læra og gera í framtíðinni og vilja fá leiðbeiningar um hvað væri gott fyrir þau að leggja sérstaka áherslu á.

Fundi slitið kl.9:10

Ritari: Margrét Halldórsdóttir